

Félagsfundur 9. janúar 2014

Ár 2014 fimmtudaginn 9. janúar á 5 hæð Alþýðuhússins og hófst hann kl. 20.
36 félagsmenn mættir.

Formaður Úlfhildur Rögnvaldsdóttir settin fundinn og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega nýkjörinn formann LÍV Guðbrand Einarsson sem kom á fundinn til að kynna nýgerða kjarasamninga LÍV/SA og LÍV/FA

Samningarnir eru samhljóða.

Guðbrandur fór mjög ytarlega yfir samninginn og markmið hans, en aðalatriði eru eftirfarandi

Almenn launahækkun Hinn 1. janúar 2014 skulu laun hækka um 2,8% þó að lágmarki kr. 18.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.

Sérstök hækkun kauptaxta Í stað áður gildandi kauptaxta komi nýir sem eru hluti samninga viðkomandi aðildarsamtaka ASÍ. Launatatar undir 230.000 kr. á mánuði hækka sérstaklega um 1.750 kr. kauptaxtar gilda frá 1. janúar 2014.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skv. kjarasamningum viðkomandi aðildarsamtaka ASÍ skulu vera kr. 214.000 frá 1. janúar 2014 fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sama fyrirtæki.

Desember- og orlofsuppbót Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 53.600 (VR/LÍV 60.900). Orlofsuppbót (1.maí til 30.apríl) miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 29.500 (VR/LÍV 22.200). Framlög til fræðslu og starfsmenntasjóða hækka um 0,1%

Helstu ávinningar samningsins

- Almenn launahækkun.
- Sérstök hækkun lægstu launa.
- Aukið fjármagn og kraftur settur í starfsmenntamál.
- Efri mörk í lægsta þrepi tekjuskatts hækka úr 256.000 kr. í 290.000 kr. Skatthlutfall í miðþrepi lækkar úr 25,8% í 25,3%
- Stærstu sveitarfélög landsins hafa tekið áskorun verkalýðshreyfingarinnar og hækka ekki gjaldskrár sínar um áramót.
- Gjaldskrárhækkanir ríkisins verða ekki meiri en 2,5% á ári, ríkisstjórnin mun endurskoða breytingar á gjöldum sem þegar hafa verið samþykktar.
- Unnið verði að því að við framkvæmd kjarasamninga verði miðað við umfang umsaminna launahækkana ásamt samningsbundnum starfsaldurshækkunum og starfsþróunar þannig að hún samrýmist verðbólgu markmiðum Seðlabanka Íslands.
- Ráðist verður í markvissar aðgerðir til stuðnings kaupmætti.
- Samstilltar aðgerðir samningsaðila til að halda verðbólgu innan 2,5% markmiðs Seðlabanka Íslands.

Miklar umræður urðu um samninginn og fyrirspurnir til Guðbrands.

Kynnt var fyrirkomulag á rafrænni kosningu um samningana sem standa mun yfir frá 15. – 20. janúar.

Undir liðnum önnur mál var fjallað um breytingar á reglugerð Starfsmenntasjóðs, en yfir þær breytingar verður ytarlega farið á aðalfundi félagsins 24. febrúar n.k.

Formanni LÍV var þakkað fyrir komuna svo og fundarmönnum fyrir þátttöku í fundinum og þeir hvattir til að taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir.